



Námskrá leiklist 5. bekkur

Leiklist

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi í skólanum. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum. Leiklist reynir auk þess stöðugt á samvinnu, samskipti, sköpun, tungumál, tjáningu, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu. Allt fer þetta fram í gegnum leik og sköpun. Nemendur beita töluðu máli bæði í spuna og í meðferð skrifaðs leiktexta.

Tilraunir með mismunandi frásagnaraðferðir, málfar, málsnið og blæbrigði tungumálsins eru mikilvægur hluti af sköpunarferlinu í leiklist. Í listforminu er hið óyrta þó ekki síður mikilvægt en hið talaða mál og þannig reynir það á tjáningu í víðasta skilningi þess orðs.

Vinnulag: Nemendur læra einfalda leiktækni og þjálfa framkomu og samsköpun. Leitast við að laða fram sköpunargleði, frumkvæði og samkennd í gegnum leik og með verkefnum sem eru lögð fyrir. Nemendur vinna í hóp og taka virkan þátt í umræðum um verk sín og annarra.

Námsmat: Nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir allt námsárið. Námsmat skiptist í **leiðsagnarmat**, þar sem nemendur fá endurgjöf og leiðsögn við verkefnavinnu, hópverkefni, framkomu o.fl. og **lokamat** þar sem hæfni nemenda er metin. Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar.

Kennarar: Umsjónarkennarar 5. bekkjar

Tímaáætlun: 80 mínútur á viku, í fimm vikna lotum.

Námskrá leiklist 5. bekkur

Leiklist				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Vitnisburður

Námskrá leiklist 5. bekkur

<u>Sköpun og samvinna</u> - Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi, lagt fram sínar eigin hugmyndir og hugmyndir jafningja. - nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar <u>Vinnubrögð</u> - Notað einfalda leikmuni, sviðsbúnað og búninga til að styðja við sköpun sína.	Efni frá kennara Benjamín Dúfa eftir Friðrik Erlingsson, gefin út af Vöku-Helgafelli.	Kennt gegnum leik – leikir og æfingar notaðar til að þjálfa færni nemanda m.a. í tjáningu, framsögn og samvinnu. Spuni – Spunaæfingar og leikir notaðir til að virkja ímyndunarafl og skapa stutta leikþætti Hópverkefni- Nemendur vinna saman í hóp til að skapa stutt verk út frá kveikju.	- Nemendur fá einkunn og umsögn fyrir lotuna sem byggir á námsþáttum og hæfniviðmiðum - Markmiðin er sett fram munnlega og með sýnikennslu. - Í verkefnum er verið að meta virkni, sjálfstæði, hópavinnu, tjáningu og beitingu tækni.	Nemendur frá lokamat í bókstöfum: A, B+, B, C+, C, D, þar sem hæfniviðmið sem metur færni nemenda er haft til hliðsjónar. Nemendur fá umsögn í bókstöfum á hæfnikortið sem er sýnileg í Mentor. A Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. B+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina B og að hluta til þeirri lýsingu sem á við einkunnina A. B Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. C+ Notað þegar hæfni er sambærileg þeirri lýsingu sem á við einkunnina C og að hluta til
--	---	--	---	---

Námskrá leiklist 5. bekkur

• lært stuttan leiktexta og flutt hann í hlutverki á skýran hátt fyrir framan áhorfendur. • beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum) <u>Gagnrýnin umræða</u> • Lýst leiknu efni á sviði og/eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum.				þeirri lýsingu sem á við einkunnina B. C Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. D Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs.
--	--	--	--	---

Námskrá leiklist 5. bekkur

• Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi í leikhúsi.				
--	--	--	--	--